



Stofnuð árið 2001- 20 ára.

Efni : Ósk um fund - langtíma fjármögnun Fjölsmiðjunnar

Fjölsmiðjan hefur gegnt því ánægjulega og gefandi hlutverki undanfarin 20 ár að hjálpa ungu fólki sem hefur einhverra hluta vegna fallið af þeim hefðbundna mennta- eða starfsvegi á aldrinum 16 - 24 ára. Þar hefur Fjölsmiðjan boðið upp á úrræði með það að markmiði að styrkja ungmennin aftur til náms eða undirbúa þau fyrir þátttöku í atvinnulífinu. Hafa úrræði Fjölsmiðjunnar löngum sannað sig sem mikilvægur hlekkur í endurhæfingar- og virkniúrræðum fyrir ungt fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Ásókn í þjónustu Fjölsmiðjunnar hefur aukist á hverju ári og ekki síst nú á tímum COVID19. Stuðningur Atvinnuleysistryggingarsjóðs, Menntamálaráðuneytisins, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og þjónusta við atvinnulífið hefur verið grundvöllur þess að Fjölsmiðjan hefur getað sinnt þessu hlutverki.

Úrræði Fjölsmiðjunnar er það eina sinnar tegundar á Íslandi. Þar sem blandað er saman vinnu og virkni ásamt námi, sköpun, lífsleikni, ýmis konar fræðslu og hreyfingu. Starfsemin byggir á sex deildum; veitingadeild, trésmíðadeild, bíladeild, handverks- og pökkunardeild, tækni- og tölvudeild ásamt fræðsludeild.

Með aukinni eftirspurn og auknum kröfum um gæði og þjónustu Fjölsmiðjunnar ekki síst þar sem Fjölsmiðjan er nú viðurkenndur framhaldsfræðsluaðili er aukin þörf fyrir rekstrarfé. Föst fjárframlög til Fjölsmiðjunnar hafa verið um 120 milljónir króna á ári undanfarin þrjú ár og enn sem komið er sú upphæð einnig áætluð fyrir yfirstandandi ár. Þar sem framlögin hafa ekki hækkað í takti við vísitölu hefur reynst erfitt að brúa bilið rekstrarlega. Það hefur þó verið gert með því að hagræða á öllum sviðum rekstursins. Í þeim aðgerðum hefur því miður reynst nauðsynlegt að draga úr þjónustu þar sem einni deild hefur meðal annars verið lokað. Við þessar rekstraraðstæður er ekki heldur hægt að bjóða fleira ungu fólki upp á, oft á tíðum, lífsnauðsynleg úrræði sem Fjölsmiðjan er. Á sama tíma hefur ásóknin í Fjölsmiðjuna aukist ápreifanlega.

Neyðarkall var sent út til bakhjarla Fjölsmiðjunnar í lok síðasta árs sem skilaði nægu fjármagni til að geta skilað hallalausum rekstrarreikningi. Nú hyllir hins vegar undir að ekki verður hægt að halda út fullri starfsemi með öllum deildum á árinu 2021 vegna fyrirbyggjandi tekjuhalla, ef áfram fer sem horfir. Tekjuhallinn er að miklu leyti tilkominn vegna samdráttar á seldri þjónustu vegna COVID-19 og svo vegna almennra vísitölu- og kjarahækkana.

Fjölsmiðjan hefur mátt búa við fjárhagslega þröngan kost og ótryggan rekstrargrundvöll nánast frá upphafi, þrátt fyrir að vera úrræði sem hefur sannað gildi sitt og mikilvægi. Nú á 20 ára afmælisári Fjölsmiðjunnar er þess hér með freistað að kalla eftir samtali við bakhjarla

Fjölsmiðjunnar um langtímafjármögnun svo hægt sé að tryggja rekstur, gæði og þjónustu Fjölsmiðjunnar við ungt fólk.

Er hér með óskað eftir viðtali við borgarstjóra um málefni Fjölsmiðjunnar.

Með vinsemd og virðingu,

Ellen Calmon formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar

Sturlaugur Sturlaugsson framkvæmdastjóri Fjölsmiðjunnar